

**Ed.**

**477. Nefndarállt**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 48, 31. maí 1927, um Landsbanka Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Þetta frumv. gerir tvær höfuðbreytingar á Landsbankalögum. Hin fyrri er sú, að ákveða í lögum, að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum

Landsbankans. Þar til landsbankalögin voru samþykkt í fyrra, mátti það heita samèiginlegt álit flestra manna, að ríkissjóður, sem eigandi bankans, bæri ábyrgð á öllum skuldbindingum hans. Hefir verið geigur í mörgum vegna takmörkunar á ábyrgð ríkissjóðs, er gerð var í fyrra, og er sú takmörkun aðalástæðan til þess, að nú, tæpu ári eftir að landsbankalögin komu í gildi, eru fluttar breytingar á þeim, og mun sú breyting, er frumv. í þessu gerir ráð fyrir, eiga óskift fylgi alls almennings í landinu.

Hin höfuðbreytingin er á stjórnarfyriřkomulagi bankans. Hjer er tekið upp það fyrirkomulag um stjórn, er mi'lipinganeřndin í bankamálum frá 1925 stakk upp á. En það er að hafa mannarga yřirstjórn, er Alþingi kys, og sju þeir menn ólaunaðir. Velji þeir síðan 4 menn í bankaráðið, en ráðherra skipar formann, svo sem nú er. Að taka svo mannarga yřirstjórn sem Landsbankaneřndin er, hefir þá kosti, að mikill hluti þeirra manna, er mestu ráða um löggjöf í landinu, á að gæta hagsmuna bankans. En slíkt er afar mikils virði fyrir þjóðbanka landsins, sem á að hafa forgöngu í peningamálum þjóðarinnar. En af þessari algerðu breytingu á yřirstjórn bankans leiðir aftur, að þetta stjórnarfyriřkomulag verður að koma til framkvæmda þegar lögin hafa verið samþykkt.

Meiri hluta fjárhagsneřndar þykir rjett að heimila ríkisstjórninni að leggja seðlabankanum stofnfje til viðbótar því, er segir í 2. gr. frv., og kallar það viðbótarstofnfje. Er ætlast til, að bankinn greiði vexti af þessu viðbótarstofnfje, er það, eða einhver hluti þess, hefir verið lagt fram.

Flytur neřndin breytingartillögur um þetta.

Um aðrar tillögur meiri blutans verður rætt í framsögu.

Það er tillaga meiri hluta neřndarinnar, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

## BREYTINGARTILLÖGUM.

1. 1. grein skal hljóða svo:

3. málsgrein 1. greinar laganna skal orða svo:

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Til þess að taka lán erlendis, án tryggingar í sjálfs sín eignum, sbr. 15. gr., þarf sjerstaka lagaheimild í hvert sinn, að undanteknum lánnum þeim, er ræðir um í lögum nr. 10, 31. maí 1927, svo og lánnum þeim, er koma kunna í stað þessara lána.

2. 2. grein skal hljóða svo:

5. grein hljóði svo:

Innskotsfje það, 2 miljónir króna, er ákveðið var með lögum nr. 50, 10. nóv. 1913, að ríkissjóður legði Landsbankanum, skal teljast stofnfje seðlabankans. Auk þess skal ríkisstjórninni heimilt að leggja fram úr ríkissjóði viðbótarstofnfje handa seðlabankanum, alt að 3 miljónum króna. Seðlabankinn skal safna varasjóði samkvæmt 24. grein.

3. 3. grein skal hljóða svo:

24. gr. hljóði svo:

Tekjuafgangur hvers árs rennur í varasjóð. Leggi ríkissjóður fram

- viðbótarstofnfje samkvæmt 5. grein, skal bankinn greiða ríkissjóði af því fje 6% i ársvexti, þó aldrei meira en helming tekjuafgangsins.
4. Í stað »fimm ára« í 1. málslíð 6. greinar komi: þriggja ára.
  5. 21. grein skal hljóða svo:  
55. gr. verður 60. gr. og hljóði þannig:  
Kosning í landsbankanefndina fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1928. Þegar eftir að lög þessi ern gengin í gildi, skal sá, sem flest atkvæði hefir fengið við kosninguna i landsbankanefndina, kveðja nefndina til fundar og sjá um kosningu 4 manna í bankaráðið. Jafnframt skipar ráðherra sá, er fer með bankamál, formann bankaráðsins. Bankaráðið sjer um, að skipulag alt, bókfærsla og reikningshald samkvæmt lögum þessum komist að fullu í framkvæmd eigi síðar en 1. janúar 1930.
  6. Í stað »1928« í 25. gr. komi: 1929.
  7. Í stað 26. gr. komi 3 nýjar greinar, er verði 26., 27. og 28. gr., svo hljóðandi:
    - a. 61. gr. verður 66. gr.
    - b. 62. gr. verður 67. gr. og hljóði þannig:  
Ríkisstjórninni er heimilt að taka nauðsynleg lán til greiðslu á viðbótarstofnfje bankans samkvæmt 2. málslíð 5. gr. þessara laga.
    - c. 63. og 64. gr. verða 68. og 69. gr., en i stað orðanna »42. gr.« í niðurlagi 63. gr. komi: 47. gr.
  8. Upphaf 29. gr. skal orða svo:  
Lög þessi ganga þegar í gildi. Þá er þau hafa öðlast staðfestingu kounngs, o. s. frv.  
Greinatala breylist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 14. mars 1928.

Ingvar Pálmason,  
form.

Jón Baldvinsson,  
fundaskr. og frsm.

Einar Árnason.